

Fundargerð
302. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)
Fimmtudaginn 25. mars 2021 kl. 8³⁰–09⁵⁰.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Gestir: Íris Gunnarsdóttir (ÍG)
Hildur Hauksdóttir (HH)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM) (fjv.)
Hrefna B. Jónsdóttir (HJ) vm. (EM)

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt án áritunar.

2. Úrgangsfurvarp.

Lögð voru fram á fundinum drög að breytingum á lögum um meðhöndlun úrgangs. Vakin var athygli stjórnarmanna á ákvæði í drögunum um tekjur Úrvinnslusjóðs. Farið var yfir fundi starfsmanna Úrvinnslusjóðs með lögfræðingi UAR. Fresta á gildistöku úrgangsfurvarpsins til 1. janúar 2023. Á fundunum var rætt um að halda áfram með álagningu á drifraflöður sem gæti þá tekið gildi 1. janúar 2022, þrátt fyrir að annað frestist. Farið var yfir framkvæmd breytts fyrirkomulags hvað varðar tekjur og fjárheimildir. Talið er best að fastsetja framkvæmd meðhöndlunar tekna úrvinnslugjalds í greinargerð furvarpsins. Ákveðið að ÓK og LHG komi þessum athugasemdum á framfæri.

3. Starfsreglur Úrvinnslusjóðs.

Á þar síðasta fundi stjórnar voru kynnt drög að starfsreglum stjórnar. Lagðar voru fram á fundinum uppfærðar starfsreglur frá þeim fundi. Stjórnarmenn ræddu tillögur að starfsreglum. Formanni falið að yfirfara texta, hreinrita og koma til framkvæmdastjóra.

Starfsreglur stjórnar samþykktar og verða sendar stjórnarmönnum til rafrænnar undirritunar.

4. Starfsskýrslur.

Farið var yfir stöðu á vinnu við starfsskýrslur Úrvinnslusjóðs fyrir árin 2017, 2018 og 2019. Verið er að leggja lokahönd á skýrslugerðina. Stjórnarmenn óskuðu eftir að fá send drög til að yfirfara upplýsingarnar sem koma fram.

5. Ökutæki.

Farið var yfir að Stafrænt Ísland hefur síðan í haust unnið að því að gera ferli skila á ökutækjum til úrvinnslu rafræn í samstarfi við Úrvinnslusjóð, Samgöngustofu og Fjársýsluna. Á Ísland.is er hægt að afskrá ökutæki til úrvinnslu með rafrænum skilríkjum. Móttökuaðilar staðfesta jafnframt móttöku með rafrænum skilríkjum. Verkefnið er til reynslu hjá sex móttökuaðilum.

Farið var yfir stöðu verkefnisins. Gagnvart almenningi er kerfið orðið rafrænt, en enn vantar að bakvinnsla verði rafræn.

6. Fundur með Landvernd.

LHG og ÓK funduðu með formanni og framkvæmdastjóra Landverndar í tengslum við bréf Landverndar til Úrvinnslusjóðs. Bréfið var lagt fram á fundinum.

7. Önnur mál.

Sagt var frá fyrirspurn til umhverfis- og auðlindaráðherra frá Jóni Gunnarssyni alþingismanni um starfsemi Úrvinnslusjóðs.

Næsti fundur 15. apríl 2021 kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 09.50